

Björn Pétursson skrifstofumaður

Afhending 2008/29

Björn Pétursson fæddist á Siglufirði 20. júlí 1937 og lést á Landsspítalanum 8. apríl 2015. Hann var sonur Péturs Björnssonar kaupmanns á Siglufirði og konu hans Þóru Jónsdóttur.

Björn lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1957 og kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands árið 1959. Hann starfaði sem kennari til 1967, fyrst við Barnaskólann á Akranesi og síðar við Gagnfræðaskólann á Akranesi. Árið 1967 tók hann við starfi sem skrifstofumaður Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness og var síðan framkvæmdastjóri þess sama fyrirtækis til 1987. Þá fluttu hann og kona hans til Hafnarfjarðar þar sem Björn starfaði fyrst við endurskoðun en síðan á skrifstofu FÍB þar sem hann vann allt til starfsloka.

Björn var kvæntur Bergljótu Ólafsdóttur, f. 2. desember 1938. Þau gengu í hjónaband þann 23. apríl 1959. Þau áttu 3 börn og fjölda barnabarna.

Björn var mikill áhugamaður um ættfræði og eftir hann liggur mikið rit, Krossaætt, gefið út 1998. Björn var einnig mjög virkur í félagsmálum, tók þátt í starfi leikfélagsins á Akranesi, söng með kirkjukórum og var í stjórn Slysavarnafélags Íslands. Hann var varabæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Akranesi 1974-1978, sat í fræðsluráði Vesturlands um tíma og var lengi í stjórn Félags íslenskra bifreiðaeigenda.

Afhendingin barst frá Birni Péturssyni. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2010/41, 2011/59.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

28. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Björn Pétursson			
AA-Björn Pétursson - Ættfræðisafn -			
Björn Pétursson (1937-2015) , skrifstofumaður			2008 / 29
2008 - AA / 1	1	-	Ættfræðisafn á Espólinforriti, m.a. Krossaætt, Kjarnaætt og Randversætt úr Eyjafirði, Skíðastaðaætt úr Skagafirði og Skeggjastaðaætt úr A-Húnavatnssýslu o.fl.
			Geisladiskur Óásett